

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-  
birting hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 26. júlímán.

Nr. 40/1885

Rjettvísinn  
gegn  
Skúla Jónssyni.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar á Ísafirði 29. janúar 1885 var hinn ákærði, Skúli Jónsson, fyrir þjófnað, framinn í 1. sinn, dæmdur til að sæta fangelsi við vatn og brauð í 4×5 daga, svo og til að greiða málskostnað, og er með eigin játningu hans og öðrum atvikum sannað, að hinn ákærði haustið 1884 hefur stolið skinnbrók, sem hjekk á bátshnifi, ennfremur úr ólæstri skrinu úr sama bát um einu pund af kaffi og öðru af sykri, 2 potta kút með litliræði af brennivini í og 3 pela flösku með rommi, og hafa hinir stolnu munir verið virtir á 10 kr. 75 aura. Loks hefur hinn ákærði játað, að hann úr læstri skrinu, er þó hrökk upp, þá er hann tók í hespu þá, sem var við læsinguna, hafi tekið poka með rúmlega 1 pund af sykri, loklausa öskju með feitmeti í, en muni þessa kveðst hann deginum eptir hafa látið í bátinn aptur á sama stað, þar hann var hræddur um, að þjófnaðurinn mundi komast upp.

Brot hins ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og eigi hefur fyrr sætt hegningu, er af undirdómaranum rjettilega heimfært undir 230., sbr. 63. gr.

hegningarlaganna, en með sjerstöku tilliti til þess, að hinn ákærði hefur verið í gæzluvarðhaldi um 3 mánuði, og eigi er sannað, að hann hafi brotið upp hirzlu þá, er hann tók úr nokkuð af feitmeti og um 1 pd. af kaffi, þá ber að færa hina ídæmdu hegningu niður í 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Að öðru leyti ber að staðfesta dóm aukarjettarins. Svo ber og hinum ákærða að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar á meðal til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum 10 kr. til hvors.

Meðferð málsins í hjerði hefur verið vítalaus og flutningur málsins við yfirdóminn lögmætur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði, Skúli Jónsson, á að sæta fangelsi við vatn og brauð í 2×5 daga, en að öðru leyti á undirrjettardómurinn óraskaður að standa. Ákærða ber að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, málaflutningsmannanna Franz Siemens og Sigurðar Þórðarsonar, 10 kr. til hvors í málsfærslulaun.

Dóminum ber að fullnægja undir aðför að lögum.